

Fundargerð 91. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 19. mars 2015 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Sævar Örn Kristjánsson, Gunnar S. Gunnarsson, Gylfi Ingvarsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Jón Jóhannsson, Andrés Bjarnason og Sigurður Gunnar Benediktsson

Fjarverandi: Guðmundur Helgi Þórarinsson og Guðmundur Sigurvinsson

Dagskrá :

- 1. Undirskrift ársreikninga VM.** Formaður setti fundinn og bauð Ásbjörn Björnsson endurskoðanda velkominn. Ásbjörn stiklaði á stóru í gengum ársreikning samstæðunnar. Allir sjóðir eru með tapi nema félagssjóður. Þetta á sér allt eðlilegar skýringar og kom ekki á óvart. Eftir að styrkir sjúkrasjóðs voru hækkaðir var reiknað með að það tæki 2 – 3 ár að ná jafnvægi á sjóðnum, það er líka verið að greiða meira út úr fræðslusjóðnum til að lækka höfuðstólinn þar. Einnig hefur áhrif á þetta að félagsgjöld lækkuðu á milli ára og vaxtatekjur lækka. Ásbjörn fór líka yfir hvern sjóð fyrir sig og skýrslu endurskoðanda. Að lokum var ársreikningurinn undirritaður.
- 2. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 90.** Fundargerð samþykkt og undirrituð.
- 3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála.**
 - Merkur áfangi að Iðnaðarsamfélagið náði saman, félögin fóru til SA á föstudaginn og lögðu fram kröfur sínar. Skýr skilaboð fóru til ASÍ um að við ætlum að staðsetja okkur sjálfir innan þess um laun. Samantekt á kröfum þeirra fjöggra fylkinga sem settar hafa verið fram hjá ASÍ eru í gögnunum
 - Vinnuhópar eru að vinna í undirbúningi vegna verkfalla og fjölmiðlamála. Vilji er til að halda áfram vinnunni við að skoða breytingar á tímaskrift og hækkun dagvinnulauna. Fyrirtæki í máliðnaði stýra þessu en SA er á kantinum.
 - Iðnaðarsamfélagið hittir SA á morgun kl. 09:00 munu þeir þá svara kröfunum sem við settum fram. Von á sömu svörum og alltaf.
 - Ríkissáttasemjari boðað til fundar með SFS og fulltrúum sjómanna, eftir þýsting frá okkur. Spannandi að sjá hvað kemur út úr þeim fundi.
 - Fjölmiðlafulltrúi er kominn til starfa. Við erum farin að vinna aðeins með honum og erum byrjuð á að poppa upp heimasíðuna eftir hans ábendingum. Það er bara ákveðinn tímafjöldi sem hann hefur í hverri viku, þ.e. ákveðinn tímafjöldi sem við greiðum fyrir.
 - Grein formanns í tímariti VM er atлага að hagfræðinni varðandi laun og verðbólgu. Hann ætlar að fara lengra með þetta mál, er bara að bíða eftir að tímaritið komi út.

- Félagsfundur er í kvöld. Spennandi að sjá mætinguna, miðað við andann á vinnustaðafundunum í desember hljótum við að fá góða mætingu.
- Í veðrinu sem gekk yfir sl. laugardag fuku plötur af húsinu. Búið er að tilkynna það til tryggingafélagsins okkar.
- Tímarit VM fer í dreifingu á morgun
- Blöðin um umsýslu eigna á milli sjóða eru tilbúin og verða undirrituð á eftir.

4. Aðalfundur VM 27. mars.

- a) **Reglugerðarbreytingar, sjúkrasjóður – fræðslusjóður.** Lagðar voru fram breytingatillögur fyrir sjóðina sem lagðar verða fram á fundinum
- b) **Uppstillinganefnd.** Lagður var fram listi yfir þá sem bjóða sig fram í uppstillinganefnd. Eitt nýtt nafn er á listanum.

5. Kjarasamningaráðstefna í október 2016.

Spurt var hvort halda ætti kjarasamningaráðstefnu í október. Nauðsynlegt er að ákveða þetta í tíma til að hægt sé að panta hótél. Þetta var rætt og að lokum ákveðið að halda hana aðra eða þriðju helgina í okt.

6. Fulltrúaráð Gildis lífeyrissjóðs.

Lagður var fram listi yfir fulltrúa VM á aðalfund Gildis. Einnig lagði hann fram tillögur um breytingar á lögum Gildis sem lagðar verða fyrir. Þar er meðal annars skerðing á réttindum úr sjóðnum sem kemur til vegna skerðinga á framlagi frá ríkinu vegna örorkubirgðar. Boða verður til fundar í lífeyrisnefnd VM helst bara í næstu viku, til að fara yfir þessa mál

7. Önnur mál:

- a) Undirskrift pappíra vegna umsýslu eigna á milli sjóða.
- b) Rædd var grein eftir hagfræðing VR sem nefnd var fyrir á fundinum. Hvernig getum við nýtt okkur svona upplýsingar til að sýna fram á að þó svo að hinn almenni launamaður fái launahækkun þá eigi verðbólgan ekki að hækka um mörg prósent. Ólafur Margeirsson hefur líka skrifað grein sem birtist á eyjunni og hún er eiginlega svar við greininni frá hagfræðingi VR. Þessir tveir hagfræðingar eru ekki alveg sammála.
- c) Eftir páska sé ætlunin að senda á alla félagsmenn upplýsingar um kröfur og viðræður.

Fundi slitið kl. 12:40